6. TÖLUBLAÐ

SKÁTABLAÐIÐ

18. JÚLÍ 2024

# PAPPÍRSHEIMUR

DAGLEGAR FRÉTTIR AF LANDSMÓTI SKÁTA

DAILY NEWS FROM THE ICELANDIC NATIONAL JAMBOREE



Jæja! Senn líður að lokum mótsins og í dag er síðasti dagurinn fyrir heimför. Þreytan er farin að segja til sín en nú þurfum við öll að ljúka mótinu með stæl! Þið hafið tækifæri í dag og á morgun til að kynnast fleiri skátum frá ólíkum löndum, prófa dagskrá sem þið eigið eftir að fara í, bítta á merkjum og njóta skátasamfélagsins í botn! Á morgun göngum við frá mótinu með bros á vör og hugsum hlýtt til þess að næsta Landsmót er einungis eftir tvö ár! Sköpum saman minningar sem endast ævilangt!

The end of the Jamboree is closing in and today is the last day before the journey home. The exhaustion has started to take its toll but now we must all finish the Jamboree in style! In the next two days the opportunity to get to know more foreign scouts, try progam yet unexplored, trading badges and to fully take in all the scout society lies before you. Go on and grab it! Tomorrow we pack up the Jamboree with a smile on our face and comfort ourselves with the fact that the next Jamboree is only in two years' time! Lets create memories together which will last for a lifetime!



# 3 RÁÐ FRÁ MÓTSSTJÓRN
## *3 TIPS FROM THE PLANNING TEAM*

1 Ný vinasambönd hafa myndast sem við hvetjum ykkur til að halda áfram að rækta. Þessi vinabönd geta enst út ævina og þið haldið áfram að hittast á skátamótum í framtíðinni.

2 Þetta er búið að vera algjört ævintýri hjá okkur! Við höfum fengið að upplifa allskonar veður, takast á við nýjar áskoranir og eflast í skátastarfinu með gleði, þrautseigju og metnað að vopni. Nýtið þessa orku og þennan kraft áfram, takið hann með ykkur inn í frágangin og þegar heim er komið.

3 Það er alltaf fallegt að sjá svona marga skáta saman komna á einum stað og byggja upp svona fallegt samfélag eins og við höfum lifað í seinustu vikuna. Það er umtalað hve mikil gleði og samheldni ríkir hér. Stemmingin í vikunni er búin að vera einstök og fólk sem hefur komið í heimsókn segir hana áþreifanlega. Þegar þið farið heim þá skulu þið dreifa þessari gleði áfram.

1 *New friendships have been formed, which we encourage you to continue to nurture. These friendships can last a lifetime, and you can reunite at scout gatherings in the future.*

2 *This Jamboree has been an amazing adventure! We have experienced all kinds of weather, grown as individuals and faced new challenges with joy, resilience, and ambition. Use this energy and strength going forward, make use of it during the cleanup and when you return home.*

3 *It is always beautiful to see so many scouts gathered in one place and to build such a beautiful community as we have lived in over the past week. It is remarked how much joy and solidarity prevail here. The atmosphere this week has been unique, and visitors have said it is tangible. When you go home, spread this joy further.*

# MUNIÐ ÞIÐ EFTIR ÞESSU?
## *REMEMBER THIS?*



















# STÆRSTA BROSIÐ *THE BIGGEST SMILE*













# HÆSTA FÁNASTÖNGIN *THE TALLEST FLAGPOLE*



Hæsta fánastöngin var reist í skjóli nætur og hefur vakið mikla athygli enda er hún alveg 15,3 metrar á hæð!

*The tallest flagpole was built under the cover of night and has caught everyones eye as it is 15.3 meters high!*



Ægisbúar eiga næst hæstu fána-stöngina sem nær 13,93 metra hæð!

*Ægisbúar have the second tallest flagpole which is 13.93 meters high!*



Kanadískir skátar ná þriðja sæti með 12,9 metra háa fánastöng!

*Canadian scouts make third place with their 12.9 meter high flagpole!*

## HVERNIG ER VEÐRIÐ Í DAG?
## *HOW IS THE WEATHER?*

| | |
|---|---|
| 09 | 12°c |
| 12 | 12°c |
| 15 | 16°c |
| 18 | 12°c |
| 21 | 10°c |



# HEIMURINN ER ÞINN! EN HVAÐA HEIMUR?
# *THE WORLD IS YOURS! BUT WHICH WORLD?*

Nú þegar allir heimarnir eru komnir saman á Úlfljótsvatni og við höfum fengið að kynnast og tileinka okkur einginleika úr ólíkum heimum, þá er gott að spyrja sig: "Hver er ég? Hvaða heimi vil ég tilheyra?" Taktu prófið til að komast að því!

Now that all the worlds have gathered at Úlfljótsvatn and we have gotten to know and learn from different worlds, it is good to ask ourselves: "Who am I? Which world do I want to belong to?" Take the test to find out!

**1. Hvar myndiru helst vilja vera?**
A Ræktin
B Rjóður í skóginum
C í hengirúmi
D Við varðeld
E Á brimbretti eða kanó

**2. Hvaða hlutur er ómissandi?**
A Verkfærakista
B Allt sem ég þarf er að finna í náttúrunni
C Penna og skissubók
D Vasahníf
E Snyrtitaskan

**3. Hvað hefur þér fundist skemmtilegast á landsmóti?**
A Klifurturninn
B Göngutorgið
C Opin dagskrá
D Kvöldvökurnar
E Ísbjörninn

**4. Hvað myndiru fá þér í morgunmat?**
A Próteinpönnukökur
B Grænmeti og hummus
C Ég gleymi oftast að fá mér morgunmat
D Ristað brauð
E Þeyting og þarasnakk

**5. Hvaða eiginleika myndir þú velja í foringja?**
A Traust
B Náttúruvinur
C Sköpunargleði
D Hvatning
E Sveigjanleiki

**6. Hvaða bók myndir þú helst lesa?**
A Kviðvöðvakiljan
B Ræktaðu garðinn þinn
C Skátarnir og galdrakarlinn
D Skátahandbókin
E Hvernig á að líta vel út í útilegu?

**7. Hvað er það besta við kvöldvökuna?**
A Keppnirnar
B Vera úti í náttúrunni
C Búa til skemmtiatriði
D Grilla sykurpúða
E Stýra söngnum

**1. Where would you spend your time?**
A The gym
B A clearing in the woods
C In a hammoc
D By the campfire
E On a surfboard or canoe

**2. Which item is essential**
A Tool box
B Everything I need is in nature
C Pen and sketchbook
D Pocket knife
E My toiletry bag

**3. What has been your favourite activity on the Jamboree?**
A The climbing tower
B Hiking square
C Open program
D Camp fires
E The polar bear plunge

**4. What would you have for breakfast?**
A Protein pancakes
B Vegetables and hummus
C I usually forget to eat breakfast
D Toast
E Boost and seaweed snacks

**5. What is the most important quality in a leader?**
A Reliable
B In touch with nature
C Creativity
D Encouraging
E Flexible

**6. What book would you choose?**
A The big book about abs
B Grow your garden
C The scouts and the wizard
D The scouting handbook
E How to look good while camping

**7. What is the best thing about campfires?**
A The competitions
B Being in nature
C Put on a play
D Roasting marshmallows
E Lead the group in song

**Hvaða svarmöguleika valdir þú oftast?**

**Flest A: Bergheimur**
Þú ert sannarlega ávallt viðbúinn og gengur um með minnst þrjú verkfæri í vasanum í einu. Mundu að samgleðjast sigurvegaranum ef þú tapar.

**Flest B: Jurtaheimur**
Þú ert náttúruvinur og veist fátt betra en góða útiveru þar sem þú getur hámað í þig hundasúrur og komist að því hvaða blóm eru ætileg. Passaðu þig að borða ekki eitthvað baneitrað.

**Flest C: Loftheimur**
Þú hefur mikið ímyndunarafl og færð endalaust af góðum hugmyndum þó þær komist ekki allar í framkvæmd. Lykilatriði er að æfa forgangsröðunina.

**Flest D: Eldheimur**
Þér finnst gaman að grilla og hjálpa til við að súrra fyrir skátaflokkinn. Þú sérð iðulega um varðeldinn. Passaðu að kveikja ekki í tjaldbúðinni.

**Flest E: Vatnaheimur**
Hæfileiki þinn er að fá fólk með þér og það dáist að þokka þínum. Mundu bara að stundum er upplifunin mikilvægari en ímyndin á samfélagsmiðlum.

**Which answer did you pick most often?**

**If A: Lava World**
You are always prepared and carry at least three tools in your pocket at all times. Remember to congratulate the winner if you lose.

**If B: Plant world**
You love nature and there is nothing better than a good outdoor experience where you can munch on sorrel and find out which flowers are edible. Just be careful not to eat something poisonous.

**If C: Air world**
You have a vivid imagination and constantly come up with great ideas, even though not all of them come to fruition. You might want to practice prioritizing.

**If D: Fire world**
You enjoy barbequing and pioneering for the scout troop. You often take care of the campfire. Just make sure not to set the campsite on fire.

**If E: Water world**
You're an inspiring group leader and people admire your charm. Just remember that the adventure is more important than an image on social media.

## ÞAKKIR FRÁ RITSTJÓRN
## *THE EDITORIAL THANKS YOU*

Elsku skátar! Takk fyrir veittan áhuga á blaðinu okkar. Það hefur verið sannur heiður að fá að miðla til ykkar ýmsu skemmtilegu frá mótinu og við gætum haldið endalaust áfram, en því miður verða leiðir okkar að skilja í bili...

*Beloved scouts! Thank you for your interest in our paper. It's been an honour to serve you. We wish we could continue forever, but unfortunately we have to go our separate ways for now...*

**Sérstakar þakkir fyrir veittan stuðning / *Special thanks to***
Rita Osório (ljósmyndari blaðsins/ *our photographer* ), Dagný Elsa Gunnarsdóttir, Björn Víkingur Þórðarson, Arney Sif Ólafsdóttir, Halldóra Aðalheiður Ólafsdóttir, Brook Johnson, Gilwell skálinn, Björg Sigmundsdóttir, Haukur Haraldsson, Dagur Sverrisson, Kristín Guðjónsdóttir, öll sem sendu okkur efni og ljósmyndir í blaðið, FM Landsmót skáta, og mótsstjórn fyrir traustið en aðalega þér - kæri lesandi.
*Everyone who sent in material and photos, the radio and the planning team for the trust but especially you - dear reader.*

Með innilegri pappírskveðju / Our best paper regards
Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir & Unnur Líf Kvaran